

kennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á. Nánari ákvæði um þetta skal ráðherra setja með reglugerð.

70
19. júní

2. gr.

Bannað er að afvatna sild, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings.

Heimilt er þó ráðherra, ef brýn nauðsyn ber til, að veita undanþágu frá þessu fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn, enda sé slík sild auðkennd með sérstöku merki, er ráðherra ákveður, og þess getið í farmskjöllum, að um afvatnaða sild sé að ræða.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 50—1000 kr., gegn 2. gr. 1000—10000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

um innlánsvöxtu.

71
19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er

71 að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánssskírteinum, 19. júní hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið fé til ávöxtunar á innlánssskírteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjalddaga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Lög þessi ná ekki til Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—5000 kr. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933 og gilda til ársloka 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

72

L Ö G

19. júní

um breyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum gufuskipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Sá einn, er öðlazzt hefir vélgæzluskírteini, á rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku gufuskipi með 300 ha. vél (indiceret) og minni.